

Sveitarfélagið Ölfus

Sigurður Jónsson, skipulags- og  
byggingarfulltrúi  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



Reykjavík, 5. júlí 2018  
Tilvísun: 2016010045  
GVGU/  
Tilv. ykkar:

## **Efni: Breikkun Hringvegar frá Biskupstungnabraut að Kambarótum, umsókn um framkvæmdaleyfi - skýringar**

Í bréfi dagsettu 8.maí 2018 sótti Vegagerðin um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar Hringvegar frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Haldinn var fundur með skipulagsfulltrúa Ölfuss þann 29.maí 2018. Á þeim fundi var óskað eftir nánari skýringum varðandi tímaáætlun framkvæmda, hvernig þjónustustig hliðarvega yrði háttað ásamt skýringum varðandi samninga við landeigendur.

### **Tímaáætlun**

Eins og fram kom í umsókninni er gert ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist haustið 2018 og að framkvæmdir standi yfir í 3 til 4 ár. Samgönguáætlun hefur ekki verið lögð fram á Alþingi og því ekki hægt að fullyrða á þessu stigi hvort framkvæmdin sé fullfjármögnuð.

Ráðgert er að bjóða út kaflann frá Varmá að Gljúfurholtsá sumarið 2018. Í þeim hluta eru byggð ný undirgöng undir Hringveg við Velli, breikkuð brú á Varmá, byggður nýr Ásnesvegur og nýr Ölfusvegur frá Ölfusborgarvegi að Hvammsveg vestari. Áætlað er að þessum framkvæmdum ljúki árið 2019. Á meðfylgjandi upprætti má sjá yfirlit fyrir þennan 1.áfang.

Hringvegur frá Biskupstungnabraut að Gljúfurholtsá ásamt hliðarvegum og brúm yrði svo byggður í kjölfarið og líklegur framkvæmdatími á því svæði er frá hausti 2019 til 2022.

### **Þjónusta á hliðarvegum**

Nýr Ölfusvegur frá Biskupstungnabraut að Ölfusborgarvegi er tengivegur og er heildarlengd hans um 11 km. Vegagerðin mun annast þjónustu og rekstur á þeim vegi.

Nýr Ásnesvegur er hérðasvegur frá Vallavegi að Ásnesi og er heildarlengd hans um 2,5 km. Vegagerðin mun því annast sumarþjónustu og rekstur á þeim vegi en vetrarþjónusta er á vegum sveitarfélags eins og öðrum héraðsvegum.

Tengingar við Þorustaðundirgöng eru hluti af tengingum Ölfusvegar við Hringveg og er því skilgreindur sem tengivegur og mun Vegagerðin annast þjónustu og rekstur á þeim vegi.

### **Staða samninga við landeigendur**

Framkvæmdin hefur verið kynnt formlega fyrir landeigendum þar sem áhrifum er sérstaklega lýst fyrir hverjum og einum og þeim gefinn kostur að gera athugasemdir. Nokkrar

athugasemdir hafa leitt til breytinga á útfærslum framkvæmda en margir landeigendur hafa engar athugasemdir gert. Í kjölfarið hefur Vegagerðin sent landeigendum tilboð um bætur og kaup á landi vegna fyrirhugaðra framkvæmda og svarað athugasemdum sem fram hafa komið. Vegagerðin hefur lokið samningum við landeigendur þriggja jarða í Ölfusi. Allir landeigendur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði 2018-2019 hafa fengið send tilboð um bætur og kaup á landi og standa samningaviðræður yfir.

Vegagerðin gerir ráð fyrir að ljúka öðrum samningum fyrir haustið 2018. Uppdrættir sem sýna áhrif framkvæmdarinnar á hverja og eina jörð hafa verið sendir til sveitarfélagsins í tölvupósti í maí 2018.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig staða er á viðræðum við einstaka landeigendur þann 4.júlí 2018.

Fylgiskjöl:

1. Yfirlitsteikning, 1.áfangi framkvæmda
2. Tafla, Staða viðræðna við landeigendur í Ölfusi, 4.júlí 2018.

Virðingarfyllst,



---

Guðmundur Valur Guðmundsson